

# **SJÓR Sund- og sjóbaðsfélag Reykjavíkur**

## **Aðalfundargerð 2022**

**Þriðjudaginn 26. apríl 2022 kl. 17:00**

**Haldinn á Satt Restaurant, Nauthólsvegi**

### 1. Fundarsetning

Fundur settur kl. 17:10.

### 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Magnea Hilmarsdóttir skipuð fundarstjóri og Ingibjörg Ingvadóttir skipuð fundarritari og var það samþykkt.

Engar athugasemdir voru gerðar við boðun fundarins og lýsti fundarstjóri hann lögmætan þar sem löglega var til hans boðað, sjá fundarboð í fskj. nr. 1.1.

Mætingarlisti var látinn ganga til undirritunar viðstaddra, sjá fskj. nr. 1.2. Mættir voru 11 félagsmenn af 543.

### 3. Skýrsla stjórnar

Magnea fór yfir skýrslu stjórnar, sjá fskj. nr. 3.1.

### 4. Stjórn leggur fram skoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu

Lagður var fram ársreikningur 2021 sjá fskj. 4.1 og farið yfir niðurstöður hans. Niðurstaða rekstrar ársins var neikvæð sem nemur kr. 102.190 og eigið fé í árslok var jákvætt að upphæð kr. 1.105.649. Það var tekið fram að ástæða þess að afkoman var neikvæð var sú að á árinu kom félagið sér upp heimasíðu með léninu sjor.org og greiddi fyrir það kr. 175.697 sem er mestmegnis stofnkostnaður.

### 5. Umræður um skýrslu og reikninga allir samþykkir engin mótfallinn.

Að loknum umræðum var ársreikningur samþykktur samhljóða.

# SJÓR Sund- og sjóbaðsfélag Reykjavíkur

## 6. Lagabreytingar

Félagið hefur sótt um aðild að ÍBR og þarf því að gera lagabreytingar. Herdís Þorvaldsdóttir fór yfir tillögu að lagabreytingum sem stjórnin fékk frá ÍBR um hálfum mánuði fyrir boðaðan aðalfund.

Fyrst var borin upp tillaga að breytingu á nafni félagsins, þar sem nafni félagsins verður breytt úr Sjósunds- og sjóbaðsfélag Reykjavíkur í SJÓR Sund- og sjóbaðsfélag Reykjavíkur. Ein sat hjá, allir aðrir samþykktu þessa breytingu.

Svo var borin upp tillaga að lagabreytingum á 3., 4., 5., 12., 18. og 19. gr. Ein sat hjá, allir aðrir samþykktu þessar breytingar.

Hægt er að skoða lög félagsins á heimasíðu sjór, undir Um okkur -> Lög félagsins. Þar er líka hægt að skoða fyrri lagabreytingar. Sjá hér: <https://sjor.org/log-felagsins/>

## 7. Kosning formanns

Herdís Þorvaldsdóttir var kosin formaður 2021 og á því eitt ár eftir.

## 8. Kosning stjórnar og varastjórnar

Erna Héðinsdóttir, Ingibjörg Ingvadóttir, Magnea Hilmarsdóttir og Valdimar Páll Halldórsson gáfu áfram kost á sér sem meðstjórnendur og var það samþykkt samhljóða.

Aðalsteinn Friðriksson og Magnús Halldórsson gáfu kost á sér í varastjórn og var það samþykkt samhljóða.

## 9. Kosning félagslegra skoðunarmanna

Benedikt Hjartarson og Heiðrún Hauksdóttir gáfu kost á sér sem skoðunarmenn reikninga og var það samþykkt samhljóða.

# SJÓR Sund- og sjóbaðsfélag Reykjavíkur

## 10. Önnur mál

Kosið í sjóviðburðanefnd:

Birna Björnsdóttir, Heiða Mjöll Stefánsdóttir, Hinrik Ólafsson, Ingibjörg Ingvadóttir, Magnea Hilmarsdóttir og Magnús Halldórsson gáfu áfram kost á sér í sjóviðburðanefnd sem sér um að skipuleggja hefðbundin sund, og var það samþykkt samhljóða.

Kosið í skemmtilegu nefndina:

Ragnheiður Valgarðsdóttir, Kristín Komplett Helgadóttir, Sigrún Þ. Geirsdóttir, Harpa Hrund Berndsen, Kristbjörg Valgarðsdóttir og Elín Eiríksdóttir gáfu áfram kost á sér í skemmtilegu nefndina sem sér um ýmsa skemmtilega viðburði, og var það samþykkt samhljóða.

Kosning gjaldkera:

Magnea Hilmarsdóttir gaf áfram kost á sér sem gjalderi og var það samþykkt samhljóða.

Ákvörðun félags- og þáttökugjalda:

Félagsgjöld fyrir árið 2022 voru samþykkt samhljóða kr. 5.500.

Þáttökugjöld fyrir árið 2022 voru samþykkt samhljóða og eru eftirfarandi:

Félagsmenn sem hafa greitt félagsgjald 2022 fá frítt í Fossvogssund og greiða kr. 2500 fyrir Synt út í Viðey.

Aðrir greiða kr. 3.500 fyrir Fossvogssund og greiða kr. 7.500 fyrir Synt út í Viðey.

# SJÓR Sund- og sjóbaðsfélag Reykjavíkur

Ákvörðun dagsetninga fyrir sundin:

Fossvogssund I – fimmtudaginn 16. júní 2022. Sundmenn mæta kl. 18:30 og sundið hefst kl. 19:00.

Fossvogssund II – fimmtudaginn 11. ágúst 2022. Sundmenn mæta kl. 18:30 og sundið hefst kl. 19:00.

Synt út í Viðey – föstudaginn 19. ágúst 2022. Sundmenn mæta kl. 16:30 og sundið hefst kl. 17:30.

\*ath. tímasetningin er til viðmiðunar og gæti breyst.

Annað:

Ákveðið var að bjóða alltaf varamenn á stjórnarfundi.

Formaður ætlar að kanna með styrki fyrir sundið til Viðeyjar.

Rætt um að hafa námskeið fyrir þá sem ætla að sinna öryggisgæslu á SUP brettum í sundunum hjá SJÓR.

Fundi slitið:

Fundi slitið kl. 18:10